

Stjórnarfundur í síma 5. sept 2019.

Mætt voru Sveinn, Eysteinn, Vignir og Heiðrún.

Dagskrá:

1. Fundur með Kristjáni Þór ráðherra 4.sept.

Formaður gerði stjórn grein fyrir fundi með Kristjáni Þór Júlíussyni ráðherra landbúnaðar sem hann átti ásamt Sigríði Björnsdóttur. Erindi fundarins var að óska eftir stuðningi ríkisins við lokaáfangna í vegferð við þróun á bóluafnis til afnæmingar á sumarexemi. Ráðherra tók erindinu vel og mun leitast við að aðstoða við útvegum fjármagns eftir því sem það er hægt.

2. Blóðmerar í lífhrossaræktun.

Stjórnarfélagi hafa borist ábendingar um að talsvert sé selt af folöldum blóðhryssna til lífs. Þetta finnst stjórnarfélagi að kalli á viðbrögð af hálfu félagsins en talsvert er um að hryssur sem ekki hafa reynst vel í ræktun eða annarra nota séu settar í blóðtöku. Fyrstu viðbrögð eru þau að rétt sé að hryssueigendur sem selja hryssur sínar í blóðtöku geti auðkennt þær í WF að þannig verði til vísending um að hryssan sé ekki heppileg til reiðhestaræktunar. Stjórn mun koma með tillögu að aðgerðum sem verða lagðar fyrir aðalfund félagsins í haust.

3. Erindi frá Let's Go tímariti Grayline, grein í tímarit Grayline um hrossa- og folaldakjöt. Ákveðið að fara ekki í auglýsingakaup að svo stöddu.
4. Fyrir fundinum liggur ósk frá Erlendi Garðarssyni þar sem hann óskar eftir fjárstuðningi vegna komu Japana í haust uppá 100.000 - Samþykkt.
5. Sölusýning Skagafirði 26. sept í tengslum við Laufskálaréttarhelgina. Það liggur fyrir að haldin verði sölusýning í samstarfi við Skagfirðinga í tengslum við Laufskálaréttir. Hefja þarf undirbúning og auglýsingar sem fyrst.
6. Ábending frá Magga Ben sambandi við að sjónvarpa. Rætt stjórn lýst prýðilega á hugmyndina og formanni falið að ræða þetta við formann LH.
7. Önnur mál.

Farið yfir stöðu mála í sambandi við Uppskeruhátíðina en undirbúningur er í fullum gangi.